Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

Opið brjef, er stefnir saman alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1899, undirskrifað af konungi 20. janúar 1899 (A nr. 2, bls. 4—5).

Tilskipun um alþjóðlegar sjóferðareglur, er fylgt skal á íslenzkum skipum, undirskrifuð af konungi s. d. (A nr. 3, bls. 6—33).

Auglýsing um ásigkomulag ljóskera og hljóðbendingaverkfæra, er við skal hafa á íslenzkum gufuskipum og seglskipum, og hvernig þeim skuli fyrir komið, undirskrifuð af ráðgjafanum fyrir Ísland s. d. (A nr. 4, bls. 34—45).

Brjef landshöfðingja *til sýslumannsins í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu* **um lán til vegagjörða.** — Eftir móttöku þóknanlegs brjefs yðar, herra sýslumaður, dagsetts 25. f. m., vil jeg hjermeð veita sýsluvegasjóði Borgarfjarðarsýslu 6000 króna lán úr landssjóði til vegagjörða í sýslunni með því skilyrði, að lán þetta ávaxtist og endurborgist á 28 árum samfleytt frá lántökudegi að telja með 6% á ári af hinni upphaflegu upphæð. Af láni þessu endurborgast 800 kr. lán það, er sýslunni var veitt af landssjóði með brjefi mínu, dagsettu 4. október f. á. **38** 6. marz

Þetta er yður þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um synjun á leyfi til að halda lotterí** — Með brjefi, er hingað hefir borizt beina leið, hefir sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu sent hingað erindi frá stjórnarnefnd »Lestrarfjelags Lágafellssóknar« um leyfi til að halda lotterí um 10 vetra gamlann reiðhest, er fjelaginu hafi verið gefinn, og skyldi ágóðanum varið til borgunar upp í kostnaðinn við bygging á fundarhúsi fjelagsins, er einnig er notað til þinghalda og annara fundarhalda sveitarinnar. **39** 9. marz

Útaf þessu skal yður, herra amtmaður, þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg eigi finn nægа ástæðu til að veita hið umbeðna leyfi.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austuramtinu* **um synjun á leyfi til að halda lotterí.** — Með þóknanlegu brjefi, dagsettu 13. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, látið uppi umsögn yðar um erindi frá Goodtemplarstúku á Sauðárkrók um leyfi til að halda lotterí á eftirnefndum munum: **40** 9. marz

1.	kvensöðli	60 kr. virði
2.	hnakki	40 — —
3.	stundaklukku, ...	45 — —
4.	vatnsstígvjelum	25 —
5.	stígvjelaskóm	11 — —

3. dag aprílm. 1899.

Reykjavík. — Ísafoldarprentsmiðja.